



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/964**  
**komudagur 6.2.2014**

Reykjavík, 6. febrúar 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar, 213. mál**

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp nefndarinnar til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar, 213. mál. Nánar tiltekið er um að ræða frumvarp til breytingar á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, m.s.br., lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, m.s.br. og lögum um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, nr. 135/2007, á þá vegu að eftirlit Neytendastofu með rafföngum er fært til Mannvirkjastofnunar. Þess ber að geta að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er eftirliti með rafföngum skipt á milli umræddra stofnana eftir andlagi eftirlits hverju sinni.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök rafverktaka og SVP - Samtök verslunar og þjónustu senda sameiginlega umsögn varðandi framangreint frumvarp. Samtökin eru fylgjandi þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og vænta að þær leiði til framfara.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að aðskilnaður eftirlits með rafföngum eftir því hvort þau eru varanlega tengd mannvirkjum eða ekki á sér enga hliðstæðu í öðrum löndum og leiðir af sér mörg álitæfni og vafamál. Neytendastofa hefur eftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum en annað eftirlit er á forræði Mannvirkjastofnunar. Í umsögnum um frumvarp það sem varð að lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar, nr. 29/2009, bentu samtökin á að tvískipt eftirlit væri vafasamt og að orðalag og hugtakanotkun um andlag eftirlitsins væri ekki afdráttarlaus og bjóði upp á ágreining varðandi túlkun þar á.

Í fyrirliggjandi frumvarpi má sjá þess merki að framangreind varúðarorð séu ein af röksemdum frumvarpsins enda segir í athugasemdum: „*Hafa þarf hugfast að hugtakið „varanlega tengd mannvirkjum“ er ekki afdráttarlaust hugtak og býður upp á ágreining. Sum tæki, m.a. heimilistæki, bjóða upp á val um fasttengingu eða lausa tengingu við raflögn húsa. Við þær aðstæður gæti eftirlit fallið undir báðar eða hvoruga stofnunina.*“

Samtökin telja það verulega til bóta að stjórnsýsla varðandi umrætt eftirlit verði sameinuð í eina stofnun, þ.e. Mannvirkjastofnun, í stað þess að halda úti tvöföldu eftirliti með tilheyrandi flækjustigi og kostnaði fyrir eftirlitsskylda aðila. Breytingarnar munu að öllu líkindum stuðla að auknu hagræði. Þá telja samtökin að sameiningin muni einnig tryggja samræmda túlkun eftirlitsaðila með rafföngum og einfalda öll samskipti við eftirlitsaðilann. Sameining eftirlitsins í eina stofnun er því í samræmi við skoðanir samtakanna.



Með vísan til framanritaðs fagna samtökin framkomnu frumvarpi og þeim breytingum sem þar eru lagðar til og mæla með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins

F.h. SVP-Samtaka verslunar og þjónustu

F.h. Samtaka rafverktaka